



STARFLÝSING FYRIR SVIÐSSTJÓRA STJÓRNSÝSLU- OG FJÁRMÁLASVIÐS

| | |
|-----------------------|---|
| Staða: | Sviðsstjóri stjórnarsýslu- og fjármálasviðs. |
| Stjórnarsýsla: | Bæjarráð. |
| Yfirmaður: | Bæjarstjóri. |
| Undirmenn: | Starfsmenn fjárhags-, bókhalds-, þjónustu- og launadeildar Akraneskaupstaðar. |

Meginviðfangsefni:

Sviðsstjóri stjórnarsýslu- og fjármálasviðs (hér eftir nefndur sviðsstjóri) samræmir og hefur með höndum yfirstjórn með fjármálum og öðrum verkefnum sem undir stjórnarsýslu- og fjármálasvið heyra s.s. rekstur bæjarskrifstofu, fjármála- og fjárreiðupjónusta, launa- og kjarasamningamál, reikningshald og bókhald, yfirumsjón fjárhags- og starfsáætlana, hagskýrslugerð, lánamál, gjaldskrármál, innkaupamál, samningamál, ásamt innra eftirliti og fjárhagslegu áhættumati.

Meginhlutverk stjórnarsýslu- og fjármálasviðs er að veita stoðþjónustu til sviða, deilda og stofnana Akraneskaupstaðar. Sviðsstjóri starfar með bæjarráði og vinnur að verkefnum samkvæmt ákvæðum erindisbréfs bæjarráðs og samkvæmt nánari ákvörðun bæjarstjóra.

Stjórnskipulega heyrir starfið undir bæjarráð. Sviðsstjóri hefur umsjón og eftirlit með því að ákvörðunum bæjarstjórnar, bæjarráðs og bæjarstjóra í umboði bæjarstjórnar sé framfylgt.

Hann hefur umsjón og eftirlit með framkvæmd laga og reglugerða sem gilda um starfsemi sveitarfélagsins og falla undir starf sviðsstjóra. Sviðsstjóri ber ábyrgð á rekstri og faglegri starfsemi sviðsins og þeirra fyrirtækja og deilda sem undir það heyra. Erindisbréf bæjarráðs Akraneskaupstaðar gildir um þau viðfangsefni sem falla undir starfið og framkvæmd þeirra eftir því sem við á.

Helstu verkefni og starfsskyldur:

Sviðsstjóri skal vinna samkvæmt þessum samþykktum og reglum:

- ♦ Samþykkt bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar um stjórn og fundarsköp
- ♦ Erindisbréfi bæjarráðs.
- ♦ Stefnumótun um gildi og framtíðarsýn Akraneskaupstaðar.
- ♦ Starfsskyldur stjórnenda Akraneskaupstaðar.
- ♦ Mannauðsstefnu Akraneskaupstaðar.
- ♦ Mannréttindastefnu Akraneskaupstaðar.
- ♦ Fjölskyldustefnu Akraneskaupstaðar.



- ♦ Velferðastefnu Akraneskaupstaðar
- ♦ Atvinnumálastefnu Akraneskaupstaðar
- ♦ Öðrum samþykktum og reglum um stjórn og starfshætti í stjórnarsýslu Akraneskaupstaðar sem bæjarstjórn staðfestir og varða verksvið starfsins.

Helstu verkefni eru þessi:

- ♦ Hefur heildarsýn yfir fjármál kaupstaðarins og annast skýrslugerð til bæjaryfirvalda varðandi fjármál.
- ♦ Ber á byrgð á að fjármálastjórn kaupstaðarins sé ávallt í samræmi við sveitarstjórnarlög og fjármálareglur sveitarfélaga.
- ♦ Skipuleggur og hefur yfirumsjón með gerð starfs- og fjárhagsáætlunar bæjarsjóðs, þ.m.t. þriggja ára áætlun, stofnana, fyrirtækja og deilda hans í samráði við bæjarstjóra.
- ♦ Hefur yfirumsjón með gerð lána- og greiðsluáætlana.
- ♦ Hefur yfirumsjón með gerð ársreiknings bæjarsjóðs, fyrirtækja og stofnana hans (samstæða) og sér til þess að lögð séu fram árshlutayfirlit í bæjarráði yfir rekstur bæjarins (samstæða).
- ♦ Hefur yfirumsjón með fjármálum bæjarsjóðs og bæjarstofnana og fyrirtækja með sjálfstæðan fjárhag, þ.e. innheimtum, útborgunum, kostnaðareftirliti og áætlanagerð varðandi fjármál og lántökur.
- ♦ Hefur yfirumsjón með gjaldskrármálum Akraneskaupstaðar.
- ♦ Hefur yfirumsjón með gerð og frágangi allra fjárskuldbindinga kaupstaðarins svo og leigusamningum, veðsetningum, ábyrgðarsamningum og tryggingamálum.
- ♦ Hefur yfirumsjón með fjárhagslegum samskiptum við sjálfstætt reknar stofnanir og byggðasamlög, s.s. Höfða hjúkrunar- og dvalarheimili, byggðasamlög um samstarfsverkefni o.fl.
- ♦ Hefur yfirumsjón með launaútreikningum, framkvæmd kjarasamninga og túlkun vinnuréttar.
- ♦ Samræmir innkaupamál og veitir stofnunum ráðgjöf á sviði innkaupa vöru- og þjónustu.
- ♦ Er ábyrgur fyrir framkvæmd innra eftirlits á fjármálasviði.
- ♦ Vinnur að langtímaáætlunum varðandi þau málefni er undir hann heyra.
- ♦ Vinnur að starfs- og fjárhagsáætlun sviðsins og veitir aðhald um meðferð fjármála einstakra verkefna.
- ♦ Tekur þátt í úrlausn starfsmanna- og kjaramála.
- ♦ Leggur fram erindi til bæjarráðs er varða starfsemi málaflokksins.
- ♦ Stjórnun og undirbúningur Alþingis-, forseta- og bæjarstjórnarkosninga.
- ♦ Sér um að hinar ýmsu starfsreglur innan starfssviðsins séu endurskoðaðar reglulega.
- ♦ Situr fundi bæjarráðs og bæjarstjórnar og tekur þátt í undirbúningi þeirra og úrvinnslu.
- ♦ Er ráðgefandi við bæjarstjóra um þau málefni er undir hann heyra.



- ♦ Er staðgengill bæjarstjóra nema annað sé ákveðið samkvæmt samþykkt um stjórn og fundarsköp Akraneskaupstaðar.
- ♦ Annast önnur þau verk er bæjarstjóri felur honum.

Réttindi og skyldur:

Sviðsstjóri hefur réttindi og skyldur opinberra starfsmanna í samræmi við það sem kjarasamningar, lög og reglur kveða á um á hverjum tíma. Hann skal gæta trúnaðar í öllum málum sem hann vinnur að og helst sá trúnaður eftir að viðkomandi lætur af störfum.

Samþykkt á fundi bæjarráðs Akraness þann **XX.XX.2019**

Samþykkt á fundi bæjarstjórn Akraness þann **XX.XX.2019**

Sævar Freyr Þráinsson,
bæjarstjóri